

## Eftirfylgni úttektar á Skógarbæ

Embætti landlæknis gerði í desember 2018 hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar.

### Ábendingar embættis landlæknis að lokinni úttekt

- **Leysa stjórnunarvanda sem fyrir hendi er**
  - Setja fram skýra stefnu fyrir starfsemi heimilisins og starfsáætlun sem byggir á stefnunni. Vinna saman að því að nútímavæða stjórnunarhætti s.s. með virkri gæðastjórnun.
- **Efla gæði og öryggi**
  - Bæta skráningu hjúkrunar á heimilinu. Vinna að gerð gæðastefnu og gæðamarkmiða. Efla gæðastarf á heimilinu sem byggir m.a. á niðurstöðum gæðavísa. Endurskoða gæðahandbók og hafa hana sýnilega öllu starfsfólki. Gera þjónustukannanir reglulega. Styrkja þverfaglega teymisvinnu á heimilinu.
- **Efla þjónustu við íbúa**
  - Tryggja að allir íbúar hafi skilgreindan hjúkrunarfræðing og sjúkraliða/starfsmann sem aðalumönnunaraðila sína. Tryggja að allt starfsfólk sem vinnur við hjúkrun/umönnun hafi vald á íslensku máli. Stuðla að því að félagsstarf taki mið af óskum og líðan íbúa á hverjum tíma með það að markmiði að auka virkni og lífsgæði. Hafa reglulega fjölskyldufundi. Tryggja aðbúnað íbúa er varðar hreinlæti, næringu, hvíld og samskipti.
- **Tryggja viðeigandi mönnun**
  - Leita allra leiða til að tryggja viðeigandi mönnun fagfólks svo hægt sé að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar.

### Eftirfylgd úttektar

Á fyrstu mánuðum eftir úttekt embættis landlæknis áttu sér stað miklar breytingar meðal stjórnenda Skógarbæjar og tók Hrafnista í kjölfarið við rekstrinum. Vegna eftirfylgni úttektar óskaði embætti landlæknis eftir greinargerð frá stjórnendum Skógarbæjar varðandi það hvernig fyrrnefndum ábendingum hefði verið fylgt eftir. Barst greinargerð forstöðumanns Skógarbæjar þann 17. febrúar 2020. Kom þar fram að endurskipulagning Skógarbæjar í anda Hrafnistuheimilanna væri hafin sem og innleiðing hugmyndafræði og gæðastefnu Hrafnistu. Var einnig ítarleg grein gerð fyrir umbótum eftir ábendingum embættisins. Funduðu fulltrúar frá embættinu með stjórnendum Skógarbæjar þann 4. mars 2020 þar sem farið var yfir helstu ábendingar og svör, skráningu hjúkrunar og verklag við lyfjagjafir og húsnaðið skoðað.

### Mat embættis landlæknis

Innleiðing stjórnskipulags og gæðastefnu Hrafnistu hefur átt sér stað síðastliðna mánuði í Skógarbæ. Er það mat embættisins að hún sé í góðum farvegi og vel á veg komin. Samhliða hefur að miklu leyti verið tekið tillit til ábendinga embættis landlæknis og töluverð umbótavinna unnin. Margir þættir starfseminnar eru þó enn í umbótaferli og mat á þeim ekki tímabært er eftirfylgd fór fram. Embættið mun því fylgja úttektinni eftir aftur að ári liðnu.